

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. desember 2013 í máli nr. E-4218/2012:

Hilmar Leifsson

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Reyni Traustasyni og

Jóni Trausta Reynissyni

(Einar Gautur Steingrímsson hrl.)

I.

Mál þetta var höfðað 11. desember 2012 og dómtekið 25. nóvember 2013 að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Hilmar Leifsson, til heimilis að Andarhvarfi 2, Kópavogi, en stefndu eru Reynir Traustason, til heimilis að Aðaltúni 20, Mosfellsbæ og Jón Trausti Reynisson, til heimilis að Vesturgötu 79, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli í staflíðum A til I, sem birt voru á blaðsíðu 18 í helgarblaði DV, 3.-7. ágúst 2012, verði dæmd dauð og ómerk á grundvelli 235. gr. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga:

„A. Láglaunamenn í undirheimum.

B. Mánaðarlaun opinberra meðlima í íslenskum undirheimasamtökum ekki há.

C. Liðsmenn félaga sem íslensk lögregluyfirvöld hafa sett á athugunarlista yfir samtök sem stunda skipulagða glæpastarfssemi eru ekki með há laun miðað við álagningarskrá ríkisskattstjóra.

D. DV kannaði laun nokkurra einstaklinga sem opinberlega hafa verið kenndir við eða kenna sig sjálfir við samtök sem sögð eru tengjast skipulagðri glæpastarfssemi.

E. Meðal annars kannaði DV tekjur liðsmanna Hells Angels ...

F. Laun í undirheimum.

G. Hilmar Þór Leifsson fyrrverandi meðlimur Hells Angels 19.

H. Hilmar Þór Leifsson er fyrrverandi meðlimur Hells Angels ...

I. ... að faðir hans væri háttsettur í „stærstu glæpasamtökum heims“ og að lítið mál væri að láta menn á hans vegum vinna barnshafandi konu fórnarlamsins mein.

Til vara er byggt á því að ofangreind ummæli varði við 234. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á þeim grundvelli verði ummælin dæmd dauð og ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

2. Þess er krafist að stefndu verði dæmdir til refsingar fyrir ofangreindar ærumeiðandi aðdróttanir sem tilgreindar eru í staflidum A til og með I í kröfulið 1 í stefnu, og birtar voru á bls. 18 í helgarblaði DV, 3.-7. ágúst 2012, en stefndu bera refsíabýrgð á ummælunum að lögum sbr. c. lið 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011, sbr., 235. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til vara er byggt á því að hin tilvitnuðu ummæli séu ærumeiðandi móðganir og varði við 234. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga.

3. Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð krónur 1.000.000,-, með vöxtum skv. 1. ml. 4. gr. laga nr. 38/2001, frá 3. ágúst 2012 til 19. nóvember 2012, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga.

4. Þess er krafist að forsendur og dómsorð verði birt í DV eigi síðar en 7 dögum eftir að dómur gengur í málinu, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð krónur 50.000,-, fyrir hvern dag sem líður án þess að birting dómsins fari fram.

5. Þess er krafist að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt síðar framlögðu málskostnaðaryfirliti. Krafist er 25,5% virðisaukaskatts ofan á dæmdan málskostnað, en stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur.

6. Sú krafa er gerð að ábyrgð DV ehf., kt. 590310-0420, Tryggvagötu 11, Reykjavík, á greiðslu skaðabóta stefndu til stefnanda, verði viðurkennd. “

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

II.

Málavextir eru þeir að á bls. 18 í helgarblaði DV, 3.-7. ágúst 2012, var umfjöllun með fyrirsögninni *Láglaunamenn í undirheimum* og undirfyrirsögninni *Mánaðarlaun opinberra meðlima í íslenskum undirheimasamtökum ekki há*. Í blaðinu voru einnig eftirfarandi ummæli látin falla, sem einnig er krafist

ómerkingar á: *Liðsmenn félaga sem íslensk lögregluþyrifirvöld hafa sett á athugunarlista yfir samtök sem stunda skipulagða glæpastarfsemi eru ekki með há laun miðað við álagningarskrá ríkisskattstjóra. DV kannaði laun nokkurra einstaklinga sem opinberlega hafa verið kenndir við eða kenna sig sjálfir við samtök sem sögð eru tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. Meðal annars kannaði DV tekjur liðsmanna Hells Angels [...] Hilmar Þór leifsson er fyrrverandi meðlimur Hells Angels. Í blaðinu er birtur listi yfir laun 17 einstaklinga með fyrrsögninni Laun í undirheimum – þúsundir króna á mánuði [...] Hilmar Þór Leifsson fyrrverandi meðlimur Hells Angels 19.*

Þá var eftirfarandi umfjöllun um stefnanda í blaðgreininni „Á þeim tíma sem Hilmar var meðlimur var Fáfni í formlegu inngönguferli fyrir Vítisengla. Hilmar er sagður hafa hætt í samtökunum vegna áreitisins sem þeim fylgir. Hann var samkvæmt ríkisskattstjóra með lág laun, aðeins 19.010 krónur á mánuði.“ Í blaðgreininni er fjallað um son stefnanda og tekin upp ummæli eftir honum sem fram komu í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. S-364/2010. Ummæli sem höfð voru eftir syni stefnanda og einnig er krafist ómerkingar á eru eftirfarandi: *að faðir hans væri háttsettur í „stærstu glæpasamtökum heims“ og að lítið mál væri að láta menn á hans vegum vinna barnshafandi konu fórnarlambins mein.*

Í umræddri blaðgrein er fjallað um laun tilgreindra einstaklinga sem ætlað er að hafi tengsl við samtök sem sögð eru tengjast skipulagðri glæpastarfsemi. Er gerð grein fyrir launum viðkomandi einstaklinga samkvæmt álagningarskrá ríkisskattstjóra og síðan rakin tengsl þeirra við einstök mál sem eru til meðferðar í réttarkerfinu, svo sem vegna þess að gefin hafi verið út ákæra á hendur viðkomandi eða þeir hlotið refsidóma.

Fram kemur í blaðgreininni að upplýsingar um laun byggist á útreikningum út frá útsvarstofni einstaklinganna miðað við upplýsingar sem fram koma í álagningarskrá ríkisskattstjóra. Er tekið fram að fjármagns- og verktakatekjur komi ekki fram í upplýsingunum. Þá segir að við gerð listans hafi verið farið yfir þau nöfn sem komið hafi fram opinberlega og tengist einhverjum af þeim hópum sem lögreglan hafi fjallað um í skýrslu sem gerð var um skipulega glæpastarfsemi á Íslandi. Að öðru leyti hafi engin sérstök regla verið á því hverjir hafi farið inn á listann. Þá var tekið fram í niðurlagi greinarinnar að ekki væri hægt að fullyrða að allir þeir sem væru á listanum hefðu gerst brotlegir við lög þó að þeir tengdust umræddum hópum.

Með bréfi, dags. 10. september 2012, var athygli stefndu vakin á því að tilgreind ummæli sem væri að finna í fréttinni væru ærumeiðandi aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var þess farið á leit að upplýst yrði hver bæri ábyrgð á fréttinni að lögum. Ekkert svar barst við bréfinu frá stefndu.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Tók hann fram að hann hefði verið meðlimur í Fáfni og hafi hætt í þeim samtökum árið 2007, þegar hugmyndir voru uppi um að tengjast Hells Angels. Tók stefnandi fram að hann hefði aldrei verið meðlimur í Hells Angels.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefndu hafi vegið með alvarlegum hætti að æru stefnanda með ummælum og umfjöllun um hann í DV, 3.-7. ágúst 2012. Í umfjöllun DV í heild, einstökum ummælum, fyrirsögnum, millifyrirsögnum og framsetningu efnis felist ærumeiðandi aðdróttanir í garð stefnanda. Í frétt DV sé því ítrekað haldið fram að stefnandi sé meðlimur í skipulögðum glæpasamtökum og hafi framfleytt sér með háttsemi sem varði við lög, sbr. 175. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Umrædd ummæli verði ekki skilin með öðrum hætti, en að stefnandi sé, eða hafi verið, liðsmaður Hells Angels, og laun hans fyrir störf hans í undirheimunum nemi 19.000 krónum á mánuði. Í fréttinni sé enn fremur fullyrt að stefnandi sé háttsettur í stærstu glæpasamtökum heims og látið að því liggja að hann vili ekki fyrir sér að senda menn til þess að vinna barnshafandi konum mein.

Ljóst sé að með fyrirsögninni *Láglaunamenn í undirheimum* og undirfyrirsögninni *Mánaðarlaun opinberra meðlima í íslenskum undirheimasamtökum ekki há* sé meðal annars átt við stefnanda. Ummælin verði ekki skilin á annan veg en þann að það sé alþekkt staðreynd að stefnandi sé glæpamaður og félagi í glæpasamtökum og að hann framfleyti sér með glæpum. Með greindum ásökunum sé stefnanda gefin að sök refsiverð háttsemi sem margra ára fangelsi liggi við, sbr. 175. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt 217. eða 218. gr. sömu laga.

Verði ekki fallist á að með hinum umstefndu ummælum sé verið að ásaka stefnanda um háttsemi sem varði við 175. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sé engu að síður byggt á því að um refsiverðar ærumeiðandi aðdróttanir sé að ræða enda sé stefnandi berum orðum sakaður um að vera glæpamaður og meðlimur í skipulögðum glæpasamtökum sem og að framfleyta sér með glæpum.

Öll hin umstefndu ummæli séu ærumeiðandi aðdróttanir og feli í sér brot gegn 235. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og því beri að ómerkja ummælin með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga. Ummælin séu ósönn, óviðurkvæmileg, tilhæfulaus og smekklaus og til þess fallin að sverta stefnanda, en stefnandi hafi aldrei verið liðsmaður í Hells Angels eða öðrum glæpasamtökum. Ummælin séu því uppspuni frá rótum. Hagsmunir stefnanda af því að fá ummælin dæmd dauð og ómerk séu því miklir. Verði ekki fallist á að ummælin varði 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 byggir stefnandi á því til vara, að ummælin varði við 234., sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga og að á þeim grundvelli verði þau dæmd dauð og ómerk.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til refsingar, fyrir ærumeiðandi aðdróttanir í garða stefnanda, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk þess sem þær hafi verið birtar og bornar út opinberlega, sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga. Til vara byggir stefnandi á því að um ærumeiðandi móðganir hafi verið að ræða í skilningi 234. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga.

Kröfu um miskabætur byggir stefnandi á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og kröfu um birtingu dóms á 59. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla.

Kröfu sína um viðurkenningu á ábyrgð DV ehf. á greiðslu skaðabóta sem stefndu kann að vera gert að greiða stefnanda byggir stefnandi á 2. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011. Ábyrgðin sé lögboðin og taki með hliðsjón af kröfugerð stefnanda í málinu til skaðabóta vegna miska og málskostnaðar.

Kröfu sína um vexti og dráttarvexti byggir stefnandi á IV. kafla laga nr. 38/2001, sbr. 1. másl. 4. gr., sbr. 8. gr., laganna, þar sem segi að skaðabótakröfur beri vexti frá þeim degi sem hið bótaskylda atvik átti sér stað. Hin umdeilda birting hafi átt sér stað 3. ágúst 2012. Krafa um dráttarvexti er byggð á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. sömu laga, en þar komi fram að skaðabótakröfur beri dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá þeim degi sem kröfuhafi lagði fram upplýsingar til að meta tjón og fjárhæð bóta. Í því tilviki sem hér um ræðir er miðað við kröfubréf stefnanda til stefndu, dags. 19. október 2012, og er því krafist dráttarvaxta frá 19. nóvember 2012 til greiðsludags.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu mótmæla því að stefnandi sé í umræddri blaðagrein sagður vera í félagsskap sem stundi skipulagða glæpastarfsemi. Tekið sé fram að hann sé *fyrirverandi meðlimur í Hells Angels*. Skýrt komi fram að átt sé við veru hans í Fáfni áður en það félag hafi gengið formlega til liðs við Hells Angels. Þá segi hvergi að stefnandi sé *háttsettur í stærstu glæpasamtökum heims*.

Stefndu telja enga ástæðu til að ómerkja ummælin *Láglaunamenn í undirheimum*. Krafan sé auk þess of viðtæk því aðeins sé hægt að ómerkja ummæli hvað varði stefnanda sjálfan.

Stefndu telja ummælin *Mánaðarlaun opinberra meðlima í íslenskum undirheimasamtökum ekki há* ekki beinast sérstaklega að stefnanda og að þau séu auk þess almenns eðlis. Stefnandi hafi engin rök fært fyrir kröfu sinni önnur en rangar staðhæfingar um efni ummælanna. Þau fjalli ekki um opinberar launagreiðslur skipulagðra glæpasamtaka, enda tíðkast ekki að þau séu á launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra.

Íslensk lögreglufirvöld hafi haft Fáfni, nú Hells Angels, á athugunarlista yfir samtök sem stundi skipulagða glæpastarfsemi og hafi fullyrðingunni *Liðsmenn félaga sem íslensk lögreglufirvöld hafa sett á athugunarlista yfir samtök sem stunda skipulagða glæpastarfsemi eru ekki með há laun miðað við álagningarskrá ríkisskattstjóra* ekki verið hnekkt eða sýnt fram á hvernig hún geti verið með ólögumætum hætti meiðandi í garð stefnanda eða hvernig hann eigi aðild að þessari kröfu.

Fáfni hafi verið kenndur við skipulagða glæpastarfsemi í umræðunni og stefnandi hafi bæði kennt sig sjálfur við Fáfni og verið kenndur við það félag. DV kannaði laun nokkurra slíkra einstaklinga, það liggja fyrir í greininni og því

sannleikanum samkvæmt. Með öllu er útilokað að sjá hvernig hægt er að ómerkja ummælin *DV kannaði laun nokkurra einstaklinga sem opinberlega hafa verið kenndir við eða kenna sig sjálfir við samtök sem sögð eru tengjast skipulagðri glæpastarfsemi* eða hvernig þau beinast að stefnanda sérstaklega.

Ekki verður séð hvernig hægt sé að ómerkja ummæli um að DV hafi kannað tekjur liðsmanna Hells Angels og ekki verði séð hvernig ummæli af þessu tagi vegi sérstaklega að æru stefnanda, hvað þá með ólögætum hætti. Setningin í heild hljóði svo: „Meðal annars kannaði DV tekjur liðsmanna Hells Angels, Outlaws, liðsmanna stuðningsklúbba þessara félaga auk þekktra ofbeldismanna.“ Engin skýring hafi komið fram hvernig hægt sé að ómerkja hálfu setningu sem ekki lýsi öðru en réttum staðhæfingum um það sem einhver gerði.

Þá verði ekki séð hvernig hægt sé að ómerkja fyrirsögnina *Laun í undirheimum*. Þetta sé almenn fyrirsögn og hvorki ærumeiðandi, ólögæt né beinist sérstaklega að stefnanda.

Þá telja stefndu útskýrt hvernig stefnandi tengdist Hells Angels og því engin efni til þess að ómerkja ummælin *Hilmar Þór Leifsson fyrrverandi meðlimur Hells Angels 19*.

Stefndu byggja á því að ummælin *Hilmar Þór Leifsson er fyrrverandi meðlimur Hells Angels ...* hafi verið tekin úr samhengi, en setning hafi í heild sinni verið svohljóðandi: *Hilmar Þór Leifsson er fyrrverandi meðlimur Hells Angels, eða Fáfni eins og samtökin hétu þá*. Sé það yfir allan vafa hafið að Fáfni hafi sóst eftir að komast í Hells Angels og að lokum verið tekinn þar inn. Verði ekki um villst, að greinin fjalli um veru stefnanda í Fáfni sem síðar hafi runnið inn í Hells Angels.

Að lokum byggir stefnandi á því að með ummælunum: *... að faðir hans væri háttsettur í „stærstu glæpasamtökum heims“ og að lítið mál væri að láta menn á hans vegum vinna barnshafandi konu fórnarlamsins mein* væri verið að vísa í ummæli sem fram komu í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu S-364/2010, ákærvaldið gegn Skúla Þór Hilmarssyni.

Stefndu telja kröfur stefnanda um ómerkingu ummæla verulega vanreifðar. Stefndu krefjist ekki frávísunar af þeim sökum og dómari verði að skoða það af sjálfsdáðum. Stefndu bendi á að ef málsástæður í stefnu til ómerkingar ummæla duga ekki, geti stefnandi ekki á síðari stigum komið með nýjar málsástæður. Verði því jafnharðan mótmælt.

Stefndu telja að ekkert í umræddri blaðgrein eigi að valda stefnanda miska, a.m.k. sé þar ekkert sem gæti leitt til réttar um miskabætur. Þótt réttur til að leita til dómstóla sé stjórnarskrárbundinn meggi ekki misnota hann með því að snúa út úr blaðgreinum og krefjast síðan refsingar og miskabóta á grundvelli þess útúrsnúnings.

Þá sé í stefnu ekki minnst á það sem raunverulega standi í greininni og refsikrafan því með öllu vanreifð.

Engin skilyrði séu til að beita 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda skorti öll huglæg skilyrði til þess. Að því er varði 235. gr. sömu laga þá hafi

engu verið dróttað að stefnanda. Allt sem sagt er sé rétt og réttlæt看legt. Í engum þessara ummæla felist ærumeiðing í skilningi 234. gr. almennra hegningarlaga. Í öllum tilvikum beri að fella niður refsingu á grundvelli 239. gr. almennra hegningarlaga, enda háttarni stefnanda með þeim hætti.

Stefndu telja með vísan til framangreinds að engin skilyrði séu til að fallast á kröfu stefnanda um birtingu dóms.

Stefndu byggja á því að fjölmiðlar hafi viðtækum skyldum að gegna og að efni af því tagi sem hér um ræðir eigi erindi við almenning. Á slíka umfjöllun verði ekki lagðir fjótrar. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að farið hafi verið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins.

Stefndu mótmæla kröfu um málskostnað, svo og vaxtakröfu. Krafa um viðurkenningu á ábyrgð DV sé óskiljanleg því DV hafi ekki verið stefnt í málinu. Af þeim sökum sé ekki tilefni til að fjalla um þá kröfu.

IV.

Stefnandi krefst í fyrsta lagi ómerkingar ummæla. Er sú krafa reist á 235. gr. og 2. mgr. 236. gr., sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, en til vara á 234. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr., og 1. mgr. 241. sömu laga. Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir til refsingar. Byggir sú krafa á c-lið 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011, sbr., 235. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara á því að hin tilvitnuðu ummæli séu ærumeiðandi móðganir og varði við 234. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr., sömu laga. Í þriðja krefst stefnandi greiðslu miskabóta. Í fjórða lagi krefst stefnandi þess að forsendur og dómsorð verði birt í DV. Að lokum er krafist viðurkenningar á ábyrgð DV ehf. til greiðslu skaðabóta.

Svo sem að framan greinir birti DV grein þann 3. ágúst 2012 með fyrirsögninni: „Láglaunamenn í undirheimum“ og með undirfyrirsögninni: „Mánaðarlaun opinberra meðlima í íslenskum undirheimasamtökum ekki há.“ Er krafist ómerkingar á greindum ummælum auk eftirtalinna ummæla í greininni: „Liðsmenn félagar sem íslensk lögregluyfirvöld hafa sett á athugunarlista yfir samtök sem stunda skipulagða glæpastarfsemi eru ekki með há laun miðað við álagningarskrá ríkisskattstjóra.“ „DV kannaði laun nokkurra einstaklinga sem opinberlega hafa verið kenndir við eða kenna sig sjálfir við samtök sem sögð eru tengjast skipulagðri glæpastarfssemi.“ „Meðal annars kannaði DV tekjur liðsmanna Hells Angels ...“, „Laun í undirheimum“ og „Hilmar Þór Leifsson meðlimur Hells Angels 19“ og „Hilmar Þór Leifsson er fyrrverandi meðlimur Hells Angels ...“ og ummælanna „... að faðir hans væri háttsettur í „stærstu glæpasamtökum heims“ og að „lítið mál væri að láta menn á hans vegum vinna barnshafandi konu fórnarlambins mein“.

Stefnandi telur að með ummælunum hafi verið vegið að æru hans, þar sem því sé haldið fram að hann sé meðlimur í skipulögðum glæpasamtökum og hafi framfleytt sér með háttsemi er fari í bága við 175. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Byggir stefnandi á því að öll hin umstefndu ummæli séu ærumeiðandi aðdróttanir er feli sér brot gegn 235 og 2. mgr. 236. gr. laga nr. 19/1940 og því beri

að ómerkja ummælin með vísan til 1. mgr. 241. gr. sömu laga, en til vara að ummælin varði við 234. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga.

Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar, en að hann verði að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðanir og aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi megi þó aldrei í lög leiða. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins má tjáningarfrelsi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Þá er mælt fyrir um í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Verður því að skýra ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem mælir fyrir um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs, með hliðsjón af þessu.

Samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940 skal hver sá sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Í 235. gr. laga nr. 19/1940 er mælt fyrir um að ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varði það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Þá segir í 236. gr. laga nr. 19/1940 að sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varði það fangelsi allt að 2 árum og sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varði það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna má í meiðyrðamáli dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess sem misgert var við. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins má dæma þann sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

Við mat á því hvar draga skuli mörkin milli tjáningarfrelsis sem nýtur verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár, og friðhelgi einkalífs, sem varin er af 71. gr. hennar, skiptir máli hvort það efni sem birt er geti talist þáttur í þjóðfélagslegri umræðu og eigi þannig erindi til almennings. Hafa fjölmiðlar mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun upplýsinga og skoðana um þjóðfélagsleg málefni. Á almenningur rétt á að fá upplýsingar sem slík málefni varða og þurfa sérstaklega ríkar ástæður að vera fyrir því að skerðing á frelsi fjölmiðla geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi eins og nánar kemur fram í dómum Hæstaréttar Íslands, m.a. dómi frá 15. nóvember 2012 í máli nr. 69/2012. Slíkar skerðingar geta eftir atvikum átt við séu ósonn ummæli birt eða borin út opinberlega gegn betri vitund.

Í skýrslu, sem tekin var af stefnanda við aðalmeðferð málsins, staðfesti stefnandi að hann hefði verið meðlimur í vélhjólasmötökunum Fáfni til ársins 2007, er hann hafi ákveðið að hætta. Tók hann fram að hann hefði aldrei verið meðlimur í Hells Angels.

Í skýrslu ríkislögreglustjóra um „Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum“ sem gefin var út í febrúar 2009, segir í kafla 8, þar sem fjallað er um vélhjólagerð: „Íslenski vélhjólaklúbburinn Fafner MC-Iceland (Fáfner) hefur hlotið viðurkenningu sem „stuðningsklúbbur“ Hells Angels hér á landi. Þar með hefur hópur manna á Íslandi stofnað til formlegra tengsla við alþjóðleg glæpasamtök. Fyrir liggur að félagar í Fafner MC-Iceland stefna að fullri aðild að Hells Angels-samtökunum.“

Samkvæmt framangreindu þykir ljóst að stefnandi var félagsmaður í samtökum sem tengd hafa verið við skipulagða glæpastarfsemi. Af því leiðir að umfjöllun sem birtist í DV er sönn að því leyti að stefnandi hafi verið liðsmaður samtaka sem stunda skipulagða glæpastarfsemi. Á hinn bóginn verður ekki talið sannað að stefnandi hafi verið liðsmaður Hells Angels, eins og haldið er fram í umræddri umfjöllun sem birtist í DV. Eru engin haldbær gögn sem styðja þann málatilbúnað stefndu.

Ummæli þau sem birtust í DV verður að meta í heild. Meginatriðið er að blaðið setur fram hvassa gagnrýni, m.a. á stefnanda með því að tengja hann við félagsskap sem talinn er stunda glæpastarfsemi og þar sem opinberar tekjur einstakra félagsmanna, þar á meðal stefnanda, miðað við álagningarskrá ríkisskattstjóra, eru mjög dregnar í efa. Að auki er gefið í skyn að auðvelt sé að fá stefnanda til að vinna tiltekin óhæfuverk.

Í greininni er kveðið fast að orði. Á hinn bóginn var stefnandi félagsmaður í samtökum sem opinberlega hafa verið tengd við skipulagða glæpastarfsemi enda þótt þau samtök hafi ekki borið nafnið Hells Angels, eins og ranglega segir í greininni, heldur Fáfner. Félagsmenn í þessum samtökum mega búast við því að þeir séu gagnrýndir óvægilega og í samræmi við þá glæpastarfsemi sem þau eru opinberlega og almennt talin standa fyrir.

Dómurinn telur að fyrrgreind ummæli fari ekki út fyrir mörk tjáningarfrelsisins miðað við atvik máls þessa. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Dómkröfur stefnanda samkvæmt 4. og 6. kröfulið eru á hendur DV ehf. Þeim aðila hefur ekki verið stefnt í málinu og hann hefur heldur ekki mætt óstefndur og ber því að vísa þessum kröfuliðum frá dómi.

Með vísan til 1. og 4. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 er stefnandi dæmdur til að greiða stefndu 300.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

DÓMSORÐ:

Stefndu, Reynir Traustason og Jón Trausti Reynisson, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Hilmars Leifssonar.

Stefnandi greiði stefndu 300.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)